

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2382**

2022/EES/20/07

frá 14. desember 2017

**um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur vegna sendingar
upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum 9. mgr. 34. gr. og 12. mgr. 35. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Rétt þykir að setja fram sameiginleg, stöðluð eyðublöð, verklagsreglur og sniðmát fyrir sendingu tilskilinna upplýsinga þegar verðbréfafyrirtæki, rekstraraðilar markaða og, þegar þess er krafist í tilskipun 2014/65/ESB, lánastofnanir óska eftir að veita fjárfestingarþjónustu og stunda starfsemi í öðru aðildarríki á grundvelli frelsis til að veita þjónustu eða á grundvelli staðfesturéttar.
- 2) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu, í ljósi 1. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, einnig að gilda um lánastofnanir sem hafa starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽²⁾ og nota einkaumboðsmenn til að veita fjárfestingarþjónustu á grundvelli frelsis til að veita fjárfestingarþjónustu eða með því að stofna útibú.
- 3) Mikilvægt er að koma á stöðluðum eyðublöðum sem taka til tungumála og samskiptamiðla fyrir tilkynningar um viðskipti yfir landamæri sem verðbréfafyrirtæki, rekstraraðilar markaða og, þegar nauðsyn krefur, lánastofnanir nota og einnig lögbær yfirvöld í heima- og gístiaðildarríkjum í því skyni að stuðla að óheftri fjárfestingarþjónustu og -starfsemi í Sambandinu og skilvirkri framkvæmd lögbærra yfirvalda á viðkomandi verkefnum sínum og skyldustörfum.
- 4) Nauðsynlegt er að lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu leggi mat á nákvæmni og heilleika framlagðra tilkynninga til að tryggja gæði i) upplýsinga sem verðbréfafyrirtækið, rekstraraðili markaðar eða, þegar nauðsyn krefur, lánastofnunin leggur fram hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu og ii) upplýsinga sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu leggur fram hjá lögbæru yfirvaldi í gístiaðildarríkinu.
- 5) Ákvæði sem skylda lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu til að greina frá því þegar tilkynningin er metin ófullnægjandi eða röng eru nauðsynleg til að tryggja gagnsæi við greiningu og miðlun upplýsinga um það sem upp á vantar eða er ófullnægjandi og til að auðvelda ferlið til að takast á við slík mál og leggja aftur fram fullnægjandi og réttar upplýsingar.
- 6) Staðfesting á móttöku framlagðrar tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú eða tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann er nauðsynleg til að tryggja gagnsæi að því er varðar móttökudag umræddrar tilkynningar og nákvæma dagsetningu þegar verðbréfafyrirtæki getur stofnað útibú eða byrjað að nota einkaumboðsmann í gístiaðildarríkinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 340, 20.12.2017, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjttð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

- 7) Til að tryggja samræmi ætti að nota sérstök eyðublöð þegar verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg óskar eftir að taka upp viðeigandi fyrirkomulag á yferráðasvæði annars aðildarríkis til að greiða fyrir því að fjarnotendur, aðilar eða þátttakendur sem hafa staðfestu í því aðildarríki fái aðgang að og eigi viðskipti á þessum mörkuðum, í því skyni að tryggja að upplýsingarnar sem verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar leggur fram hjá lögbæra yfirvaldinu í heimaaðildarríkinu og að upplýsingarnar sem lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu leggur fram hjá lögbæra yfirvaldinu í gístaðildarríkinu séu fullnægjandi.
- 8) Til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða er nauðsynlegt að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem leiða í lög tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾, haft opið samráð við almenning um þessi drög að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir álitni hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. þeirrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um verðbréfafyrirtæki og rekstraraðila markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg.
2. Reglugerð þessi gildir einnig um lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB sem veita eina eða fleiri tegundir fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingastarfsemi samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og óska eftir að nota einkaumboðsmenn á grundvelli a.m.k. annars eftirfarandi réttar:
 - a) réttarins til frelsis til að veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingastarfsemi í samræmi við 5. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - b) staðfesturéttarins í samræmi við 7. mgr. 35 gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

2. gr.

Almennar kröfur

1. Allar tilkynningar eða miðlun upplýsinga samkvæmt þessari reglugerð skulu vera á opinberu tungumáli Evrópusambandsins sem er samþykkt bæði af hálfu lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu og lögbærs yfirvalds í gístaðildarríkinu.
Þær skulu lagðar fram á pappírformi eða, ef viðkomandi lögbært yfirvald samþykkir það, á rafrænu formi.
2. Lögbær yfirvöld skulu birta opinberlega upplýsingar um viðurkennd tungumál, eitt eða fleiri, og viðurkenndan framlagningarmáta, þ.m.t. samskiptaupplýsingar fyrir tilkynningar um viðskipti yfir landamæri.

3. gr.

Framlagning tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi

1. Verðbréfafyrirtæki skal leggja fram hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi skv. 2. eða 5. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB á sniðinu sem sett er fram í I. viðauka.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. Verðbréfafyrirtæki skal leggja fram hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu, skv. 1. mgr., sérstaka tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi fyrir hvert aðildarríki sem það hyggst starfa í.

3. Verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. sem óskar eftir að stunda fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi gegnum einkaumboðsmann með staðfestu í heimaaðildarríkinu skal leggja fram hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi en með því að fylla einungis út þá hluta sem varða einkaumboðsmanninn á eyðublaðinu sem sett er fram í I. viðauka.

4. gr.

Mat á heilleika og nákvæmni tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi

1. Við móttöku á tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi skv. 3. gr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu meta heilleika og nákvæmni veittra upplýsinga.

2. Ef veittar upplýsingar eru metnar ófullnægjandi eða rangar skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu, án ótilhlýðilegrar tafar, upplýsa verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunina sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. um það. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal tilgreina að hvaða leyti upplýsingarnar hafi verið metnar ófullnægjandi eða rangar.

3. Eins mánaðar tímabilið sem um getur í 3. mgr. 34. gr. og annarri undirgrein 5. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal hefjast við móttöku tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem hefur að geyma upplýsingar sem hafa verið metnar fullnægjandi og réttar.

5. gr.

Miðlun upplýsinga um tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi

1. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningar skv. 3. gr., upplýsa lögbært yfirvald í gístaðildarríkinu um þá tilkynningu og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka, ásamt afriti tilkynningarinnar.

2. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, án ótilhlýðilegrar tafar, upplýsa verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunina, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., um miðlun upplýsinganna skv. 1. mgr., þ.m.t. dagsetningu hennar.

6. gr.

Framlagning tilkynningar um breytingu á einstökum atriðum fjárfestingarþjónustu og -starfsemi

1. Verði breyting á einstökum atriðum tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi skal verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunin sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. leggja fram tilkynningu hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka.

2. Að því er varðar tilkynninguna skv. 1. mgr. þessarar greinar skal verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunin sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. einungis fylla út þá hluta eyðublaðsins í I. viðauka sem varða breytingarnar á einstökum atriðum tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi.

3. Að því er varðar tilkynningu um breytingar á veittri fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi, viðbótarþjónustu eða fjármálagerningum skal verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. telja upp alla fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi, viðbótarþjónustu eða fjármálagerninga sem það/hún sinnir þegar tilkynningin er send eða hyggst veita í framtíðinni.

*7. gr.***Miðlun upplýsinga um tilkynningar um breytingar á einstökum atriðum fjárfestingarþjónustu og -starfsemi**

1. Að móttækinni tilkynningu skv. 6. gr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu, án ótilhlýðilegrar tafar, upplýsa lögbært yfirvald í gístiaðildarríkinu um hinar tilkynntu breytingar og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka, ásamt afriti af tilkynningunni skv. 6. gr.

2. Sé starfsleyfi verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar dregið til baka eða fellt úr gildi skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu tilkynna lögbæru yfirvaldi í gístiaðildarríkinu um það og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka.

*8. gr.***Framlagning tilkynningar um fyrirkomulag til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi**

Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg innan yfirráðasvæðis annars heimaaðildarríkis og hyggst taka upp viðeigandi fyrirkomulag til að greiða fyrir því að fjarnotendur, aðilar og þátttakendur með staðfestu í því heimaaðildarríki hafi aðgang að og eigi í viðskiptum á þessum mörkuðum, skal veita lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu upplýsingar um gístiaðildarríkið sem það hyggst taka slíkt fyrirkomulag upp í og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka.

*9. gr.***Miðlun upplýsinga um tilkynningar um fyrirkomulag til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi**

1. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningar skv. 8. gr., upplýsa lögbært yfirvald í gístiaðildarríkinu um þá tilkynningu og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í V. viðauka, ásamt afriti tilkynningarinnar.

2. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, án ótilhlýðilegrar tafar, upplýsa verðbréfafyrirtækið eða þann rekstraraðila markaðar sem starfrækir viðkomandi markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg um miðlun upplýsinganna skv. 1. mgr., þ.m.t. dagsetningu hennar.

*10. gr.***Framlagning tilkynningar um breytingar á einstökum atriðum fyrirkomulags til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi**

1. Verði breyting á einstökum atriðum tilkynningar um fyrirkomulag til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi skal verðbréfafyrirtækið eða sá rekstraraðili markaðar sem starfrækir viðkomandi markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg leggja fram hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu tilkynningu og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka.

2. Að því er varðar tilkynningu skv. 1. mgr. skal það verðbréfafyrirtæki eða sá rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg einungis fylla út þá hluta eyðublaðsins í IV. viðauka sem varða breytingar á einstökum atriðum tilkynningarinnar um fyrirkomulag til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi.

*11. gr.***Miðlun upplýsinga um tilkynningu um breytingu á einstökum atriðum fyrirkomulags til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi**

Að móttækinni tilkynningu skv. 1. mgr. 10. gr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu án ótilhlýðilegrar tafar gera lögbæru yfirvaldi í gístiaðildarríkinu viðvart um hinar tilkynntu breytingar og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka, ásamt afriti af tilkynningunni.

*12. gr.***Framlagning tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú**

Verðbréfafyrirtæki sem óskar eftir að stofna útibú innan yfirráðasvæðis annars aðildarríkis skal afhenda lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu þær upplýsingar sem krafist er í 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í VI. viðauka.

*13. gr.***Framlagning tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann**

- 1 Verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. og hyggst nota einkaumboðsmann með staðfestu í öðru aðildarríki skal afhenda lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu þær upplýsingar sem krafist er í 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í VII. viðauka.
- 2 Verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. hyggst nota fleiri en einn einkaumboðsmann í öðru aðildarríki skal fylla út sérstaka tilkynningu fyrir hvern einkaumboðsmann sem fyrirhugað er að nota.
- 3 Verðbréfafyrirtæki sem áformar að stofna útibú sem hyggst nota einkaumboðsmenn skal leggja fram hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu sérstaka tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann fyrir hvern einkaumboðsmann með því að fylla út eyðublaðið sem sett er fram í VII. viðauka.

*14. gr.***Mat á heilleika og nákvæmni tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú eða tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann**

- 1 Við móttöku tilkynningar skv. 12. og 13. gr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu meta heilleika og nákvæmni veittra upplýsinga.
- 2 Séu veittar upplýsingar metnar ófullnægjandi eða rangar skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu tafarlaust upplýsa verðbréfafyrirtækið eða lánastofnanirnar sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. um það. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal tilgreina að hvaða leyti upplýsingarnar hafi verið metnar ófullnægjandi eða rangar.
- 3 Þriggja mánaða tímabilið sem kveðið er á um í 3. mgr. 35. gr. og í annarri undirgrein 7. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal hefjast við móttöku tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú eða tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann sem hefur að geyma upplýsingar sem eru metnar fullnægjandi og réttar.

*15. gr.***Miðlun upplýsinga um tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú**

- 1 Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú skv. 12. gr., upplýsa lögbær yfirvald í gístiaðildarríkinu um þá tilkynningu og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í VIII. viðauka, ásamt afriti tilkynningarinnar.
- 2 Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, án ótilhlýðilegrar tafar, upplýsa verðbréfafyrirtækið um miðlun upplýsinganna skv. 1. mgr., þ.m.t. um dagsetningu hennar.
- 3 Lögbært yfirvald í gístiaðildarríkinu skal staðfesta móttöku tilkynningarinnar við bæði lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu og verðbréfafyrirtækið.

*16. gr.***Miðlun upplýsinga um tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann**

- 1 Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann skv. 13. gr., upplýsa lögbært yfirvald í gístiaðildarríkinu um þá tilkynningu og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í IX. viðauka, ásamt afriti tilkynningarinnar.
- 2 Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, án ótilhlýðilegrar tafar, upplýsa verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunina um miðlun upplýsinganna skv. 1. mgr., þ.m.t. um dagsetningu hennar.

3. Lögbært yfirvald í gístaðildarríkinu skal staðfesta móttöku tilkynningarinnar við bæði lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu og verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunina sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr.
4. Einkaumboðsmaðurinn skal hvorki hefja fyrirhugaða fjárfestingarþjónustu né fjárfestingarstarfsemi sína fyrr en hann hefur verið skráður í opinberu skrána í aðildarríkinu þar sem hann hefur staðfestu, í samræmi við 3. mgr. 29. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.
5. Einkaumboðsmaðurinn skal hvorki hefja fyrirhugaða fjárfestingarþjónustu né fjárfestingarstarfsemi sína fyrr en hann hefur fengið orðsendinguna frá lögbæru yfirvaldi í gístaðildarríkinu.
6. Séu slíkar upplýsingum ekki sendar getur einkaumboðsmaðurinn hafið fyrirhugaða fjárfestingarþjónustu og -starfsemi tveimur mánuðum eftir daginn sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu sendi upplýsingarnar, eins og um getur í 2. mgr.

17. gr.

Framlagning tilkynningar um breytingu á einstökum atriðum varðandi útibú

1 Verði breyting á einstökum atriðum tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú skal verðbréfafyrirtækið leggja fram tilkynningu hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í VI. viðauka.

Verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunin skal einungis fylla út þá hluta eyðublaðsins í VI. viðauka sem varða breytingarnar á einstökum atriðunum í tilkynningunni um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú.

2. Verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun sem hyggst gera breytingar á fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi, viðbótarþjónustu eða fjármálagerningum sem sinnt er í gegnum einkaumboðsmenn skal tilkynna um það, og nota til þess eyðublaðið í VI. viðauka, með lista yfir alla fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi, viðbótarþjónustu eða fjármálagerninga sem það/hún sinnir gegnum einkaumboðsmenn á þeim tíma sem tilkynningin er send eða hyggst veita gegnum einkaumboðsmenn í framtíðinni.

3. Tilkynna skal um breytingar á einstökum atriðum tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú varðandi rekstrarlok útibúsins og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í X. viðauka.

18. gr.

Framlagning tilkynningar um breytingu á einstökum atriðum varðandi einkaumboðsmenn

1 Verði breyting á einstökum atriðum tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann skal verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunin sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. leggja fram tilkynningu hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í VII. viðauka.

Verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunin skal einungis fylla út þá hluta eyðublaðsins í VII. viðauka sem varða breytingarnar á einstökum atriðum í tilkynningunni um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann.

2. Verðbréfafyrirtæki sem hyggst gera breytingar á fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi eða fjármálagerningum sem eru tilkynningaskyldar með tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann skal tilkynna um það, og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í VI. viðauka, með lista yfir alla fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi, viðbótarþjónustu eða fjármálagerninga sem það sinnir gegnum einkaumboðsmanninn á þeim tíma sem tilkynningin er send eða hyggst bjóða upp á í framtíðinni.

3. Tilkynna skal um breytingar á einstökum atriðum í tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann þegar hætt er að nota einkaumboðsmann með staðfestu í öðru aðildarríki og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í X. viðauka.

*19. gr.***Miðlun upplýsinga um tilkynningu um breytingu á einstökum atriðum varðandi útibú**

1. Að móttækinni tilkynningu skv. 1. mgr. 17. gr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu án ótilhlýðilegrar tafar gera lögbæru yfirvaldi í gístiaðildarríkinu viðvart um hinar tilkynntu breytingar og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í XI. viðauka, ásamt afriti af tilkynningunni.
2. Að móttækinni tilkynningu skv. 3. mgr. 17. gr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu án ótilhlýðilegrar tafar gera lögbæru yfirvaldi í gístiaðildarríkinu viðvart um hinar tilkynntu breytingar og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í XIII. viðauka, ásamt afriti af tilkynningunni.

*20. gr.***Miðlun upplýsinga um tilkynningu um breytingu á einstökum atriðum varðandi einkaumboðsmann**

1. Að móttækinni tilkynningu skv. 1. mgr. 18. gr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu án ótilhlýðilegrar tafar gera lögbæru yfirvaldi í gístiaðildarríkinu viðvart um hinar tilkynntu breytingar og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í XII. viðauka, ásamt afriti af tilkynningunni.
2. Að móttækinni tilkynningu skv. 3. mgr. 18. gr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu án ótilhlýðilegrar tafar gera lögbæru yfirvaldi í gístiaðildarríkinu viðvart um hinar tilkynntu breytingar og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í XIII. viðauka, ásamt afriti af tilkynningunni.

*21. gr.***Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi og tilkynningu um breytingu á einstökum atriðum fjárfestingarþjónustu og -starfsemi ⁽¹⁾

(Ákvæði 3. og 6. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2382)

Tilvísunarnúmer:

Dags.:

1. hluti — Samskiptaupplýsingar

Tegund tilkynningar:

Tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi/tilkynning um breytingar á einstökum atriðum fjárfestingarþjónustu og -starfsemi

Aðildarríki þar sem verðbréfafyrirtæki/lánastofnunin hyggst starfa:

Heiti verðbréfafyrirtækis/lánastofnunar:

Viðskiptaheiti:

Heimilisfang:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

Nafn tengiliðar hjá verðbréfafyrirtæki/lánastofnun:

Heimaaðildarríki

Leyfisstaða:

Með starfsleyfi frá [lögbært yfirvald í heimaaðildarríki]

Dagsetning starfsleyfis:

2. hluti — Starfsáætlun

Fyrirhuguð fjárfestingarþjónusta, fjárfestingarstarfsemi og viðbótarþjónusta (*)

		Fjárfestingarþjónusta og -starfsemi									Viðbótarþjónusta							
		A1	A2	A3	A4	A5	A6	A7	A8	A9	B1	B2	B3	B4	B5	B6	B7	
Fjármálagerningar	C1	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
	C2	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
	C3	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
	C4	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
	C5	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
	C6	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	C7	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	C8	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	C9	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	C10	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	C11	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

(*) Setja skal (x) í viðeigandi reiti.

(1) Sé um að ræða tilkynningu um breytingu á einstökum atriðum fjárfestingarþjónustu og -starfsemi skal einungis fylla út þá hluta eyðublaðsins sem skipta máli fyrir þær breytingar sem verið er að tilkynna um. Sé fyrirhugað að gera breytingar á fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi, viðbótarþjónustu eða fjármálagerningum skal skrá alla fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi, viðbótarþjónustu eða fjármálagerninga sem fyrirtækið mun sinna.

Upplýsingar um einkaumboðsmann sem er staðsettur í heimaöildarríkinu (*)

Nafn einkaumboðsmanns	Heimilisfang	Sími	Tölvupóstfang	Tengiliður

(*) Fylla skal út sérstakt form fyrir fyrirhugaða fjárfestingarþjónustu hvers einkaumboðsmanns sem verðbréfafyrirtækið hyggst nota.

Fyrirhuguð fjárfestingarþjónusta sem einkaumboðsmaðurinn mun veita (*)

	Fjárfestingarþjónusta og -starfsemi										Viðbótarþjónusta						
		A1	A2	A3	A4	A5	A6	A7	A8	A9	B1	B2	B3	B4	B5	B6	B7
Fjármálagerningar	C1	<input type="checkbox"/>				<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>									
	C2	<input type="checkbox"/>				<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>									
	C3	<input type="checkbox"/>				<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>									
	C4	<input type="checkbox"/>				<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>									
	C5	<input type="checkbox"/>				<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>									
	C6	<input type="checkbox"/>				<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>									
	C7	<input type="checkbox"/>				<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>									
	C8	<input type="checkbox"/>				<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>									
	C9	<input type="checkbox"/>				<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>									
	C10	<input type="checkbox"/>				<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>									
	C11	<input type="checkbox"/>				<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>									

(*) Setja skal (x) í viðeigandi reit(i). Sé fyrirhuguð að gera breytingar á fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi eða fjármálagerningum sem einkaumboðsmaðurinn sinnir skal telja upp alla fjárfestingarþjónustu, fjárfestingarstarfsemi eða fjármálagerninga sem einkaumboðsmaðurinn mun sinna.

II. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir miðlun upplýsinga lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki um tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi til lögbærs yfirvalds í gístiaðildarríki

(Ákvæði 5. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2382)

Tilvísunarnúmer:

Dags.:

Miðlun upplýsinga í samræmi við 3. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ⁽¹⁾

FRÁ:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki:

Heimilisfang:

Tilnefndur tengiliður:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald í gístiaðildarríki:

Heimilisfang:

Tilnefndur tengiliður:

Símanúmer:

Tölvupóstfang:

Í samræmi við 3. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB tilkynnist hér með að **[heiti fyrirtækis]**, (1) verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi frá [heiti lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki], hyggst veita þá fjárfestingarþjónustu og/eða stunda þá fjárfestingastarfsemi og veita þá viðbótarþjónustu sem talin er upp í meðfylgjandi tilkynningu um viðskipti yfir landamæri, í fyrsta sinn, og neyta þannig réttarins til frelsis til að veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi, eða (2) lánastofnun með starfsleyfi frá [heiti lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki], hyggst, gegnum einkaumboðsmann, veita þá fjárfestingarþjónustu eða stunda þá fjárfestingarstarfsemi sem talin er upp í meðfylgjandi tilkynningu um viðskipti yfir landamæri, í fyrsta sinn, og neyta þannig réttarins til frelsis til að veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi.

Ekki skal hika við að hafa samband við okkur ef spurningar vakna.

Virðingarfyllst,

[Undirskrift]

(1) Breyta skal eftir því sem við á.

III. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir miðlun upplýsinga um breytingu á einstökum atriðum tilkynningar um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi eða tilkynningar lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki um fyrirkomulag til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulögðum viðskiptavettvangi til lögbærs yfirvalds í gístiaðildarríki
(Ákvæði 7. og 8. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2382)

Tilvísunarnúmer:

Dags.:

Miðlun upplýsinga í samræmi við 4. eða 7. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ⁽¹⁾

FRÁ:

